

Nú heimila lög nr. 18, 1877 að visu að leggja skatt eða útsvar á fastar verðlanir, stofnanir og önnur arðsöm fyrirtæki. En það þykir mega ráða það, bæði af orðum 1. og 3. gr. laganna, sbr. 22. gr. tilsk. 20. apríl 1872, og af undirbúningi laganna, að útsvarsákvæði þeirra taki eigi til slíks fyrirtækis, sem hér ræðir um. Eigi þykir heldur verða lögjafnað þaðan eða annars staðar frá til útsvarsskyldu landsverzlunarinnar, enda hefir útsvars eigi verið krafist af nokkurri landssjóðsstofnun fyrir en nú.

Verður fyrir því að staðfesta fógetaúrskurðinn, en rétt þykir að málskosnaður falli niður.

Það er aðfinsluvert, að fógetaréttarhald 16. apríl er ekki í héraðsgjörðunum, en fylgir á lausu blaði.

Því dæmist rétt vera:

Fógetaúrskurðurinn á að vera óraskaður.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 18. nóvember 1918.

51/1918.

Bogi A. J. Þórðarson
gegn
firmanu Carl Höepfner.

Dómur:

Mál þetta höfðaði yfirréttarmálaflutningsmaður Bogi Brynjólfsson fyrir hönd firmans Carl Höepfner

fyrir gestarétti Reykjavíkur gegn Boga A. J. Þórðarsyni bónda á Lágafelli til greiðslu á skuld að upphæð 150 kr. 97 a., en Bogi A. J. Þórðarson höfðaði þá gagnsök gegn firmanu; krafðist hann sýknunar í aðalmálinu, en í gagnsökinni krafðist hann að firmað yrði dæmt til þess að greiða sér eftirstöðvar af andvirði hesta, er hann hafði selt því, vorið 1916, 409 kr. 15 a. ásamt 6% ársvöxtum frá gagnstefnudegi til greiðsludags. Svo krafðist hann og málskostnaðar bæði í aðalsök og gagnsök. Málum þessum lauk svo með dómi gestaréttarins uppkveðnum 9. marz þ. á., að aðalmálinu var vísað frá dómi, aðalsækjandi Bogi Brynjólfsson f. h. firmans Carl Höepfner dæmdur til að sæta 8 kr. sekt til landssjóðs fyrir brot á sáttalöggjöfnni, og til að greiða stefnda 30 kr. í málskostnað. Í gagnsökinni var firmað sýknað af kröfum stefnda og málskostnaður látinn falla niður.

Dómi þessum hefir Bogi A. J. Þórðarson skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 7. sept. þ. á. Við úrslit aðalmálsins fyrir gestaréttinum hefir áfrýjandi ekkert að athuga, en hvað gagnsökina snertir krefst hann þess, að stefndi, firmað Carl Höepfner verði dæmt til þess að greiða sér umstefndar 409 kr. 15 a. ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Svo krefst hann málskostnaðar fyrir undirrétti og yfirdómi eftir mati réttarins. Stefndi krefst þess hins vegar, að verða sýknaður af kröfum áfrýjanda í máli þessu, þ e. að hinn áfrýjandi dómur í gagnsökinni verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur í málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 9. maí

1916 gjörði áfrýjandi samning við firmað Carl Höepfner um að selja því 60—120 hesta, og lofaði stefndi að greiða fyrir hvern hest 375 kr., um borð komna með heyi á Reykjavíkurhöfn, og síðar í samningnum segir að andvirði hestanna skuli greiðast að fullu samkvæmt ofanskrifuðu söluverði út í hönd í Reykjavík móti farmskirteini. Verzlunarstjóri firmans, sem útvegaði farmskirteini, greiddi verðhækkunartoll af hrossunum samkvæmt lögum nr. 16, 16. sept. 1915, en með því að hann leit svo á, að áfrýjanda væri skylt samkvæmt samningnum að greiða gjald þetta, hélt hann því eftir af andvirði hrossanna. Áfrýjandi telur sér hins vegar eigi skylt að greiða gjald þetta, með því að skylda sín hafi eigi óáð lengra en til þess að flytja hestana á skipsfjöl og leggja þeim til hey. Að vísu sé sagt í samningnum, að borgunin eigi að greiðast gegn farmskirteini, en frá þessu hafi stefndi vikið með því að útvega sjálfur farmskirteinið, en með því hafi áfrýjanda verið fyrirmun- að að halda sér að kaupanda hrossanna um borgun verðhækkunartollsins, eins og honum hafi verið ætlað. Þennan skilning sinn á samningnum styður áfrýjandi enn fremur við það, að samkvæmt ákvæði síðar í samningnum hafi hann átt að fá sama verð fyrir hestana, þótt þeir yrðu ekki útluttir, og sýnir þetta, að hér hafi eigi verið að ræða um sölu »fritt um borð« í þessa orðs venjulegu merkingu.

Stefndi heldur því hinsvegar fram, að það skifti eigi máli, þótt hann hafi útvegað farmskirteini fyrir áfrýjanda, og að samningurinn sýni það ljóslega, að

um »fob«-sölu hafi verið að ræða, og hafi kaupandi því engan kostnað átt að greiða af hestunum hér á landi.

Í samningnum er ekkert tekið fram um það, hvor samningsaðila eigi að greiða verðhækkunartollinn; í upphafi samningsins eru skyldur áfrýjanda einskorðaðar við að hann skuli flytja hestana út í skip og leggja þeim til hey, og þótt það sé ákveðið síðar í samningnum, að andvirði hrossanna skuli greiðast gegn farmskírteini, virðist ekki í þessu ákvæði liggja nægileg heimild til þess að álita, að áfrýjandi hafi þar með skuldbundið sig til þess að greiða gjald þetta, með því að í orðunum »greiðsla gegn farmskírteini« liggur í sjálfu sér eigi annað en ákvæði um greiðslutímamann en ekki um innihald skuldbindingarinnar að öðru leyti. Þessi skilningur á samningnum styrkist við það, að stefndi virðist enga áherzlu hafa lagt á það, að fá farmskírteini frá áfrýjanda, heldur hefir sjálfur séð um útvegum þess, og í málinu hafa engar upplýsingar komið fram um það, að áfrýjandi hafi í því verið talinn sendandi hrossanna. Þessi skilningur virðist og í beztu samræmi við síðari ákvæði samningsins um að áfrýjandi skuli fá að fullu hið umsamda söluverð hrossanna, þótt ekkert verði úr útflutningi þeirra.

Þar sem eftir framansögðu ekki verður álitid, að áfrýjanda sé skylt að greiða hinn umrædda verðhækkunartoll, ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda hina umstefndu upphæð, 409 kr. 15 a. með 6% ársvöxtum frá gagnstefnudegi 7. sept. f. á. til

greiðsludags; eftir þessum úrslitum veður stefndi og að greiða áfrýjanda málskostnað í gagnmálinu fyrir undirrétti og yfirdómi, sem ákveðst 100 kr. Að öðru leyti staðfestist hinn áfrýjaði gestaréttardómur.

Þvi dæmist rétt vera:

Í aðalmálinu á hinn áfrýjaði gestaréttardómur að vera óraskaður. — Í gagnsökinni ber stefnda, firmanu Carl Höepfner að greiða áfrýjanda Boga A. J. Þórðarsyni 409 kr. 15 a. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað með 100 kr.

Dómi þessum skal fullnægja áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Mánudaginn 18. nóvember 1918.

49/1918.

Metúsalem Jóhannesson f. h.
hlutafélagsins »Gissur hvíti«
gegn

Ingimundi N. Jónssyni

D ó m u r :

Hinum reglulega dómara, er fyrst hafði mál þetta til meðferðar, hefir eigi verið stefnt fyrir yfirdóminn við áfrýjun þess, en hann hefir eigi fallið